

Mál nr. 147/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ málskostnaðartryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 7.8.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 13.8.2008.

Málsatvik.

Þann 24.7.2007 slasaðist M á hendi við störf á veitingastað í eigu fyrirtækisins A. Hlaut M bæði varanlegan miska og varanlega örorku af völdum slyssins. A hafði ekki keypt slysatryggingu launþega vegna starfsmanna sinna. M höfðaði mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til heimtu bóta fyrir tímabundið atvinnutjón, þjáningar, varanlegan miska og varanlega örorku auk ígildis bóta úr slysatryggingu launþega sem skyldu dregnar frá bótum fyrir varanlega örorku, sbr. 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 4. gr. laga nr. 37/1999 um breyting á þeim. Undir meðferð málsins var bú A tekið til gjaldþrotaskipta og þingsókn féll niður af þess hálfu. Með dómi uppkveðnum 16.1.2008 voru kröfur M teknar til greina og var þrotabúi A gert að greiða M samtals 5.819.762 krónur auk vaxta og 650.000 krónur í málskostnað.

Lögmaður M krafði hana um málflutningsþóknun að fjárhæð 1.004.075 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Svo virðist sem 520.615 krónur hafi fengist greiddar upp í þóknunina úr Ábyrgðarsjóði launa. Þótt það komi ekki skýrt fram í gögnum málsins virðist sem M krefjist þess að fá eftirstöðvarnar, 483.460 krónur, bættar úr málskostnaðartryggingu sem hún hefur hjá Vátryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu og borið fyrir sig ákvæði í gr. 25.5 í skilmálum vátryggingarinnar þar sem segir að vátryggingin bæti ekki málskostnað sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs.

Álit.

Í dómsmáli því sem M höfðaði á hendur A krafðist hún skaðabóta vegna þess líkamstjóns er hún hlaut í vinnuslysi hjá A. Bótakröfur voru í samræmi við ákvæði skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Að litlum hluta var bótakrafa einnig á því byggð að M fékk ekki greiddar bætur úr slysatryggingu launþega þar sem A hafði ekki keypt slíka vátryggingu fyrir starfsmenn sína eins og honum bar samkvæmt kjarasamningum. Krafan að þessu leyti var svo dregin frá kröfu um bætur fyrir varanlega örorku eins og að framan greinir. Kröfur M í dómsmálinu byggðust að öllu leyti á líkamstjóni því sem hún hlaut í vinnuslysinu. Málskostnaður, sem virðist deilt um í málinu, tengist því atvinnu M og skiptir í því sambandi ekki máli þótt inn í kröfugerð hafi verið fléttað kröfu um ígildi bóta úr slysatryggingu launþega. Með vísan til fyrrgreinds ákvæðis í skilmálum fæst krafan ekki bætt úr málskostnaðartryggingunni.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi úr málskostnaðartryggingu M hjá X.

Reykjavík, 9. september 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.